



FYRIRSPURN

Viðtakandi: Mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð

Sendandi: Fulltrúi Flokks fólksins

***Mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð 8. júní 2023: Fyrirspurn um innleiðingu
Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna***

Á þremur fundum hefur mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð rætt um innleiðingu Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Fyrsti fundur um þetta málefni var 25. ágúst 2022. Á öðrum fundi 22. september fer fram kynning á verkefninu Barnvæn sveitarfélög og innleiðing Barnasáttmálans. Á þeim fundi var samþykkt að fela mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu að kanna hvað starfsfólk innan skrifstofunnar gætu tekið að sér að vera tengiliður við UNICEF og verið umsjónaraðili vegna verkefnisins. Ráðið óskar eftir tillögum eigi síðar en 27. október 2022. Fulltrúi Flokks óskar upplýsinga um hver sé þessi umsjónaraðili og hvað sé að frétta af innleiðingarferlinu?